

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
b.t. Kjartans Ingvarssonar lögfræðings
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. september 2015
Tilv.: 1505025

Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um landmælingar og grunnkortagerð

Til umsagnar er frumvarp til laga um breytingu á lögum um landmælingar og grunnkortagerð, nr. 103/2006, með síðari breytingum (landupplýsingagrunnur og gjaldfrelsi landupplýsinga). Frumvarpið var lagt fyrir á síðasta löggjafarþingi og er nú í undirbúningi að leggja það aftur fyrir með breyttum skýringum.

Samkeppniseftirlitið hefur kynnt sér efni frumvarpsins eins og því hefur verið breytt og leggur fram eftirfarandi umsögn vegna þess.

1.

Eins og fram kom í fyrri umsögn Samkeppniseftirlitsins felst í frumvarpinu fráhrif frá fyrri markmiðum laganna um verndun minni keppnauta á markaði, þar sem Landmælingum verður nú heimilt að gera, viðhalda og miðla stafrænum kortum í öllum mælikvörðum og veita gjaldfrjálsan aðgang að öllum gögnum stofnunarinnar. Breytingin getur hindrað verulega starfsemi einkaaðila á þessum markaði og lagði Samkeppniseftirlitið því áherslu á að frumvarpshöfundar legðu mat á samkeppnisleg áhrif frumvarpsins, sbr. álit nr. 2/2009 um samkeppnismat stjórnvalda.

Í hinu nýja frumvarpi felst fyrst og fremst að hlutverk Landmælinga er betur útskýrt. Fram kemur að Landmælingum er ekki ætlað að hefja framleiðslu á landupplýsingum fyrir landupplýsingagrunn sem til stendur að byggja upp, heldur er ætlunin að kaupa þær áfram frá einkaaðilum á grundvelli útboða. Þær upplýsingar verða hins vegar gerðar aðgengilegar og miðlað til annarra án endurgjalds.

Í skýringum með frumvarpinu kemur ekki fram að ráðuneytið hafi lagt mat á samkeppnisleg áhrif þessa fyrirkomulags. Af samskiptum Samkeppniseftirlitsins við aðila á markaði virðist einmitt blasa við að endurgjaldslaus miðlun landupplýsinga sem keyptar

hafa verið frá einkaaðilum kann að kippa fjárhagslegum grundvelli undan starfsemi þeirra. Þessi skipan kann þess vegna að leiða til þess að hvati einkaaðila til gerðar og vinnslu landupplýsinga verður ekki lengur fyrir hendi. Verði sú raunin, getur breytingin sem frumvarpið gerir ráð fyrir leitt til þess að þessi starfsemi á einkamarkaði leggist af. Af því myndi leiða að starfsemi þessi færðist í meira mæli á hendur hins opinbera. Þannig er hætt á því að breytingin hindri nýsköpun og samkeppni á þessu sviði.

2.

Samkeppniseftirlitið hefur skilning á mikilvægi þess að stjórnvöld sjái með einhverjum hætti til þess að upplýsingar af þessu tagi séu aðgengilegar með heildstæðum hætti. Slík skipan getur mögulega stuðlað að nýsköpun við úrvinnslu gjaldfrjálsra gagna og framsetningu þeirra á einkamarkaði og getur þannig verið í samræmi við markmið samkeppnislaga. Engu að síður verður ekki ráðið af frumvarpinu eða skýringum sem þeim fylgja, að lagt hafi verið hagsmunamat á kosti frumvarpsins að þessu leyti, andspænis þeim skaða þ.e. sem kann að leiða af því að dregið sé úr hvata einkaaðila til þess að vinna landupplýsingar og hann mögulega hrökklist út af markaði.

Samkeppniseftirlitið mælist til þess að ráðuneytið skoði betur möguleg áhrif af samþykkt frumvarpsins sem að framan er lýst, þannig að löggjafinn geti lagt upplýst mat á þá hagsmuni sem um er að tefla.

Virðingarfyllt,
Samkeppniseftirlitið

Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir